

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um IPA-styrki.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvert var mótframlag íslenska ríkisins í íslenskum krónum vegna IPA-styrkja frá því að umsókn um aðild að Evrópusambandinu var send inn og fram til 1. desember 2012?*
2. *Hvert er áætlað mótfraumlag íslenska ríkisins frá 1. desember 2012 og þar til móttöku IPA-styrkja lýkur?*

Fram til 1. desember 2012 höfðu þrír ríkisaðilar móttokið greiðslur frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins vegna IPA-styrkja: Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis, Hagstofa Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands. Erfitt getur verið að skilgreina nákvæmlega hvað felst í mótfraumlagi vegna IPA-styrkja. Í flestum tilvikum felst mótfraumlag íslenska ríkisins og stofnana þess í framlögri vinnu ríkisaðila að viðkomandi verkefni án þess að um sérstök viðbótarframlög til þeirra hafi verið að ræða í fjárlögum. Á hinn bóginn eru dæmi um að veittar hafi verið sérstakar fjárveitingar vegna mótfraumlagu til verkefna sem fá IPA-styrki. Að mestu leyti er þó gert ráð fyrir að mótfraumlög Íslands verði látin rúmast innan fjárhæilda sem viðkomandi stofnanir hafa í fjárlögum eða hefðu hvort sem er þurft að fá til að standa að viðkomandi verkefnum.

Nokkrum vandkvæðum er háð að skilgreina hvaða mótfraumlög teljast hafa fallið til fyrir eða eftir 1. desember 2012. Hér er því valin sú leið að skipta mótfraumlögum milli þessara tveggja tímabila í hlutfalli við útborgun styrkja. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir mótfraumlög íslenska ríkisins vegna IPA-styrkja. Í fyrsta töludálki er tilgreind heildarfjárhæð IPA-styrks frá ESB, í öðrum dálki áskilið heildarmótfraumlag íslenskra stjórnvalda og í þriðja og fjórða dálki er þeirri fjárhæð skipt milli tímabila í hlutfalli við útborgaða styrki.

Reiknað mótframlag íslenska ríkisins vegna IPA-styrkjá					
m.kr.		Heildar-fjárhæð IPA-styrks	Reiknað mótframlag ríkisins	Mótframlag v. greiðslna til 1. des. 2012	Mótframlag v. greiðslna frá 1. des. 2012
Styrkþegi/ sammingsaðili	Verkefni				
Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	Þýðingar á ESB-gerðum	725	892	159	733
Hagstofa Íslands	Manntal, landbúnaðartölfræði, þjóðhagsreikn., fyrtækjatölfr.	564	128	38	90
Náttúrufraeðistofnun Íslands	Natura 2000 samstarfsnetið	593	121	35	86
Utanríkisráðuneyti	Landstengiliður/Ýmis smærri ráðgjafaverkefni.	267			
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Undirbúnингur fyrir þátttöku í uppbyggingarsjóðum ESB	161			
Veðurstofa Íslands og Umhverfisstofnun	Vatna- og flóðatilskipun	277	95		95
Tollstjóri	Endurnýjun tollkerfa	966	1.095		1.095
Fjármálaeftirlitið	Umbótaverkefni	510	92		92
Matis ohf.	Matvælaöryggi	306	2		2
Samtals		4.368	2.424	232	2.192

Vísað er til töflu hér að framan. Sérstaklega skal á það bent að meiri hluti mótframlaganna eru útgjöld sem íslenska ríkið hefði þurft að bera þótt ekki hefði komið til aðildarumsóknar að Evrópusambandinu. Má þar sérstaklega nefna verkefni Þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytis, endurnýjun á tollkerfum ríkisins og umbótaverkefni Fjármálaeftirlitsins.

Til viðbótar því sem hér hefur verið rakið er reiknað með að veittir verði IPA-styrkir, allt að 8.275.000 evrur, til verkefna með það að markmiði að undirbúa mögulega þátttöku í uppbyggingarsjóðum Evrópusambandsins komi til aðildar að sambandinu. Miðað er við að styrkþegar leggi til mótfamlög að andvirið 2.595.000 evrur. Verkefnin skulu vera á sviði atvinnuþróunar og byggðamála og á sviði velferðar- og vinnumarkaðsmála. Ekki liggur fyrir hvort ríkisaðilar verði meðal styrkþega í því ferli eða um hugsanleg mótfamlög vegna slíkrar þátttöku.